

## Minnisblað

### um tímabundið ákvæði til bráðabirgða um fjölda nefndarmanna í fastanefndum Akureyrarbæjar

Í B-lið 48. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar er kveðið á um fjölda nefndarmanna í fastanefndum, en í 1., 2., 4., 5., 6. og 7. töluliðum B. liðar 48. gr. kemur fram að í frístundaráði, fræðsluráði, skipulagsráði, stjórn Akureyrarstofu, umhverfis- og mannvirkjaráði og velferðarráði skulu vera fimm aðalmenn og fimm til vara.

Í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir að ef fastanefnd er falið vald til fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því, skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Þar sem bæjarstjórn hefur falið fastanefndum fullnaðarákvörðunarvald skv. ákvæðinu þurfa aðalmenn að vera fimm eða sjö.

Allar fastanefndir hafa almenna fullnaðarafgreiðsluheimild skv. 37. gr. bæjaramálasamþykktar sem varðar mál á verksviði þeirra ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum. Í því skyni fara fundargerðir ráðanna aðeins til bæjarstjórnar til kynningar, nema þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar, sem eru þá lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Í viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar er sérstaklega kveðið á um fullnaðarafgreiðslur skipulagsráðs vegna tiltekinna verkefna skv. skipulagslögum og lögum mat á umhverfisáhrifum, án staðfestingar bæjarstjórnar, en þær heimildir eru umfram almennu fullnaðarafgreiðsluheimildina í 37. gr.

Ef fjölga á nefndarmönnum í fastanefndum þarf fjöldi þeirra því að vera sjö aðalmenn og sjö til vara. Ef farin er sú leið er ekki ástæða að vera með áheyrnarfulltrúa í fastanefndum

### Tillaga að bráðabirgðaákvæði um tímabundnar breytingar á Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar nr. 751/2019

Þrátt fyrir að ákvæði 1., 2., 4., 5., 6. og 7. töluliða B. liðar 48. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar, kveði á um fimm aðalmenn og fimm til vara í frístundaráði, fræðsluráði, skipulagsráði, stjórn Akureyrarstofu, umhverfis- og mannvirkjaráði og velferðarráði, skal fjöldi aðalmanna vera sjö og sjö til vara, til loka yfirstandandi kjörtímabils 2018-2022, eða þar til annað verður ákveðið innan kjörtímabilsins.

Akureyri, 8. október 2020  
Inga Þöll Þórgnýsdóttir  
bæjarlögmaður